



FJT 105 KENNSLUÁÆTLUN

Kennarar: Alda Áskelsdóttir alda@flensborg.is

Áfangalýsing:

Í áfanganum er farið sérstaklega í verklag fjölmiðla við upplýsingaöflun og upplýsingamiðlun. Meðal annars er athyglinni beint að því hvernig fréttir verða til; hvernig þeirra er aflað, hvernig þær eru skrifaðar og settar fram eftir því fyrir hvaða miðil er verið að vinna. Til að viðfangsefni og vinna nemenda verði sem líkust því sem gengur og gerist í fjölmiðlaheiminum halda nemendur úti fréttavefnum Gaflari.is. Í gegnum vinnu við vefinn Gaflari.is fá nemendur tækifæri til að tileinka sér þau vinnubrögð sem eru viðhöfð á fjölmiðlum úti í samfélaginu. Framan af önninni verður lögð áhersla á skrifaðar fréttir og lengri viðtöl. Þegar líður hins vegar á önnina er gert ráð fyrir að nemendur geri einnig útvarps og sjónvarpsfréttir fyrir miðilinn. Í gegnum vinnu við vefinn öðlast nemendur færni og þekkingu á fjölmörgum áfangamarkmiðum sem gert er ráð fyrir að nemendur í áfanganum eigi að tileinka sér, s.s. þekki forsendur og aðferðafræði fjölmiðla, þekki vinnubrögð þeirra sem vinna við fjölmiðla, þekki möguleika ólíkra fjölmiðla til að ná til mismunandi hópa fólks, geti borið saman ólíka miðla með tilliti til tækni, efnistaka og útbreiðslu, þekki einkenni lýðræðislegra vinnubragða í fjölmiðlun, þekki tæknilegar forsendur fjölmiðla í nútímasamfélagi, kunni að vinna upplýsingar með texta, myndefni, kvikmyndum og hljóði og kunni að nota Netið til að afla sér upplýsinga svo eitthvað sé nefnt

Í Aðalnámsskrá framhaldsskóla er gert ráð fyrir að í áfanganum verði fjallað um tilgang, áhrif og þróun fjölmiðla. Kynntar verði kenningar um aðhaldshlutverk fjölmiðla í lýðræðisþjóðfélagi og siðferðileg álitamál. Styrkleikar og veikleikar fjölmiðla verði kannaðir með tilliti til hlutverks og ábyrgðar. Ólíkir tjáningarmátar, eins og áróður og frétttaflutningur í fjölmiðlum eru bornir saman. Þess ber að geta að þessi atriði skarast mörg hver við FJÖ 213 og má gera ráð fyrir að flestir nemendurnir hafi haldgóða þekkingu á þessum atriðum, þeim verður því sinnt eftir þörfum nemendahópsins.

Áfangamarkmið

Nemandi

- þekki hlutverk, tilgang og hugmyndafræðilegar forsendur fjölmiðla í nútímasamfélagi
- þekki forsendur og aðferðafræði fjölmiðla
- þekki vinnubrögð þeirra sem vinna við fjölmiðla
- þekki möguleika ólíkra fjölmiðla til að ná til mismunandi hópa fólks
- þekki til gagnverkandi og mótandi áhrifa fjölmiðla í samfélaginu
- geti túlkað þau áhrif sem tæknibreytingar hafa haft á möguleika manna til að tjá sig í samfélaginu
- þekki til tengsla samfélagslegra þátta og fjölmiðla
- geti borið saman ólíka miðla með tilliti til tækni, efnistaka og útbreiðslu
- þekki einkenni lýðræðislegra vinnubragða í fjölmiðlun
- þekki tæknilegar forsendur fjölmiðla í nútímasamfélagi

- kunnir að vinna upplýsingar með texta, myndefni, kvikmyndum og hljóði
- kunnir að nota Netid til að afla sér upplýsinga
- þekki tilgang auglýsinga og uppbyggingu þeirra
- kunnir að leita í sérhæfðum gagnaböndum
- kunnir að leita í skráasöfnum fjölmiðla
- kunnir að leita að tölvutæku mynd- og hljóðefni
- geti túlkað áhrif fjölmiðla á gagnrýninn hátt
- þekki forsendur fjölmiðlagagnrýni
- geti túlkað siðferðileg álitamál í fjölmiðlun
- þekki jákvæð og neikvæð áhrif fjölmiðla á ímynd fólks
- geti túlkað þau áhrif sem fjölmiðlar geta haft á líf einstaklinga og þróun samfélagsins
- þekki fjölbreytta beitingu fjölmiðla í gegnum tíðina
- þekki áhrif fjölmiðla á stjórnmálaþróun
- þekki starfsumhverfi fjölmiðla og mismunandi vinnulag þeirra
- þekki til verklags á íslenskum fjölmiðlum
- þekki starfssvið fagmanna sem vinna við fjölmiðlun
- geti túlkað þarfir ólíkra markhópa í samfélaginu
- þekki atvinnuþögnuleika sína að námi loknu
- þekki boðskiptalíkon í starfsumhverfi fjölmiðla
- kunnir grundvallaratriði í markmiðssetningu

Skýringar á litum:

Markmið sem nemendur ættu að ná í gegnum vinnu við Gaflari.is

Markmið sem farið verður sérstaklega í.

Markmið sem nemendur ættu að hafa náð í FJÖ 103 en hnykkt verður á.

Markmið sem nemendur ættu að hafa náð í FJÖ 213 en hnykkt verður á.

Markmið sem nemendur ættu að hafa náð FJÖ 203 en hnykkt verður á.

Námsefni:

Námsefni verður dreift á námsneti.

Ljósrit, dagblöð, tímarit, sjónvarpsefni, útvarpsefni, myndbönd, glærur og hvað annað sem nýst getur.

Kennsla:

Nemendur vinna verkefni í hverjum tíma. Kennari er til staðar og leiðbeinir og leggur inn eftir þörfum við hvern og einn nemanda. Búast má við að nokkrum sinnum yfir önnina haldi kennari fyrirlestra.

Verkefnaskil:

Verkefnum skal skila innan uppgefins skilafrests. Fyrir hvern dag sem dregst að skila verkefni er 0,5 dreginn frá einkunn. Yfir önnina skila nemendur a.m.k 14 skrifuðum fréttum, tveimur útvarpsfréttum og einni sjónvarpsfrétt auk þess sem þeir þurfa að skila inn einum Gaflara vikunnar. Mikil áhersla er lögð á að nemendur komi sjálfir með hugmyndir að fréttum og fréttatengdu efni.

Námsmat:

Áfanginn er próflaus. Verkefni gilda 70% en frjó hugsun, hugmyndir og virkni í tímum 30%. Mætingarskylda er í áfangann. Þeir nemendur sem hafa minni en 90% mætingu lækka í einkunn. Mæting á bilinu 85% - 89% lækkar einkunn um 0,5, mæting á bilinu 80%-84% lækka um einn heilan o.frv. Óvenjumikil veikindi sem bitna á verkefnaskilum geta einnig orðið til þess að nemandi nái ekki áfanganum. Nemandi sem er veikur þegar verkefni/próf er lagt fyrir skal hafa samband við kennara til að ræða úrlausn áður en skilafrestur verkefnisins rennur út. Til þess að ljúka áfanganum þarf að hafa lokið **öllum** þeim þáttum sem námsmatið grundvallast á.

Vika	viðfangsefni	Verkefni, skýrslur og próf
1. 6. - 13. janúar	Fréttir, einkenni fréttu ljósvaka-/prentmiðla. Hvernig á að skrifa fréttir.	Fréttaskrif: inngangar og fyrisagnir
2. 16. - 20. janúar	Fréttir og viðtöl. Hvernig tekur maður viðtal. Opnar og lokaðar spurningar o.fl.	Fréttir unnar upp úr ólíkum heimildum, s.s. könnunum og fréttatylkynningum.
3. 23. - 27. janúar	Fréttaskrif	Fréttir unnar fyrir vefmiðilinn Gaflari.is
4. 30.01 - 3. febrúar	Fréttaskrif	Fréttir unnar fyrir vefmiðilinn Gaflari.is
5. 6. - 10. febrúar	Fréttaskrif	Fréttir unnar fyrir vefmiðilinn Gaflari.is
6. 13. - 17. febrúar	Fréttaskrif	Fréttir unnar fyrir vefmiðilinn Gaflari.is
7. 20. - 24. febrúar	Deilumál og siðferði í fjölmiðlum. Siðarreglur blaðamanna og úrskruðir og dómar. Handbook, bls. 187-204. News Writing, bsl. 181 - 201	Ritgerð um siðferðileg álitamál í fjölmiðlum. Fréttir unnar fyrir vefmiðilinn Gaflari.is
8. 27.02 - 2. mars	Fréttaskrif	Fréttir unnar fyrir vefmiðilinn Gaflari.is
9. 5. - 6. mars	Fréttaskrif	Fréttir unnar fyrir vefmiðilinn Gaflari.is
Vakningardagar 7. og 8. mars - vorfrí 9. mars		
10. 12. - 16. mars	Fréttaskrif - útvarp og sjónvarp	Fréttir unnar fyrir vefmiðilinn Gaflari.is
11. 19. - 23. mars	Fréttaskrif - útvarp og sjónvarp	Fréttir unnar fyrir vefmiðilinn Gaflari.is
12. 26. - 30. mars	Fréttaskrif - útvarp og sjónvarp	Fréttir unnar fyrir vefmiðilinn Gaflari.is
Páskafrí 2. til 10. apríl		
13. 11. - 13. apríl	Fréttaskrif - útvarp og sjónvarp	Fréttir unnar fyrir vefmiðilinn Gaflari.is
14. 16. - 20. apríl	Atvinnu- og námsmöguleikar	Fréttir unnar fyrir vefmiðilinn Gaflari.is
15. 23. - 27. apríl	Fréttaskrif - útvarp og sjónvarp	Fréttir unnar fyrir vefmiðilinn Gaflari.is

Kennsluáætlunin kann að taka breytingum á önninni.

AÁ